



**Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið  
Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur  
á svíði fiskveiðistjórnunar.**

**Efni:** Blönduósbær – byggðakvóti – sérstök skilyrði

**Tilvísun í mál:** ANR20090157

**Ákvæði reglugerðar nr. 731/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóbæjar, á fiskveiðírinu 2020/2021, með eftirfarandi viðauka/breytingum:**

- a). Ákvæði 1. málsl. 1.mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem kemur í hlut byggðalags, auk þess aflamarks byggðalagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíars, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipta 75% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar , og 25% skal skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju miðað við hlutdeild skipanna 1. sept., 2020.
- b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021 í Blönduóshöfn eða Skagastrandarhöfn.
- c) Ákvæði b-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru skráð með póstfang og lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.
- d) Ákvæði 1. málsl. c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með skráð póstfang og lögheimili í sveitarfélaginu.

**Samþykkt á 83. fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar, þriðjudaginn 13. október 2020.**

Blönduós 15. október 2020.



Valdimar Ó. Hermannsson,  
Sveitarstjóri Blönduósbæjar  
[valdimar@blonduos.is](mailto:valdimar@blonduos.is)  
S-4554700 & 8606770